

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skaptafellssýslu um styrk til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Skaptafellssýslu og tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., vil jeg hjermeð af því fje, sem í 12. gr. C. a. hinna nógildandi fjárlaga er veitt er gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, veita til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi milli Reykjavíkur og Víkur í Mýrdal á komanda sumri 750 krónur til móts við 250 krónur úr sýslusjóði Vestur-skaptafellssýslu; þó er þessi fjárveiting bundin þeim skilyrðum, sem ræðir um í áður nefndu brjefi yðar, að útgerðarmaður gufubáts þess, er ætlaður er til hinna fyrirhuguðu ferða, láti bátinn fara miðferðina, í júní lok eða byrjun júlí, alla leið á milli tjeðra endastöðva en ekki eins og fyrstu ferðina að eins milli Víkur og Eyrarbakka, að öðrum kesti verður landssjóðsstyrkurinn tiltölulega minni eða ekki nema 600 krónur. Svo er hin umgetna styrkveiting þeim skilyrðum bundin, að bátur sá, sem ráðinn verður til þessara ferða, flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um framfærslustyrk handa þurfaling. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. þ. m., 26. apríl hafð þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, dagsett 28. desbr. f. á., frá hreppsnefndinni í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu, og annað erindi, dagsett 2. janúar þ. á., frá hreppsnefndinni í Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu, þar sem þær, hvor fyrir sig, áfrýja til mín úrskurði yðar, dagsettum 21. oktbr. f. á., um ágreining milli hreppsnefndarinnar í Eyrarhreppi og bæjarstjórnarinnar á Ísafirð öðru megin og hreppsnefndarinnar í Geiradalshreppi öðru megin um kröfur Eyrarhrepps og Ísafjardarkaupstaðar á hendur Geiradalshreppi útaf sjúkdómslegu og framfærslu gamalmennisins Halldóru Jónsdóttur, sem viðurkennt hefir verið að sje sveitlæg í hinum síðarnefnda hreppi, og kveður úrskurður yðar svo á, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að greiða 12 kr. 80 a., sem hreppsnefndin í Eyrarhreppi hefir gjört tilkall til, en aptur á móti borga allt framlag Ísafjardarkaupstaðar til framfærslu tjeðs gamalmennis, að upphæð 131 kr. 78 a.

Með því að jeg verð að fallast á ástæður þær, er umgetinn úrskurður yðar er byggður á, að því leyti, er snertir hina umræddu kröfu Ísafjardarkaupstaðar á hendur Geiradalshreppi, skal úrskurður yðar um endurgjald á ofanefndum 131 kr. 78 a. standa óráskaður. Að því leyti aptur á móti, er snertir kröfu Eyrarhrepps gegn Geiradalshreppi um endurgjald á kostnaði hins fyrnefnda við sjúkdómslegu framannefndrar Halldóru Jónsdóttur vorið 1894 í Eyrarhreppi, þá virðist það vera nægilega sannað með skýrslum, sem fram hafa komið af hálfu Eyrarhrepps, eptir að úrskurður yðar var uppkveðinn, að hinn umræddi þurfalingur hafi þá verið lausakona, og haft ofan af fyrir sjer þá um vorið sem »fanggæzla«, en stadið uppi allslaus og enga aðhjúkrun getað fengið í sjóbúð þeirri, sem hún þá dvaldi í, er hún sýktist af influenza, sem gekk

62 þar um sveitir vorið 1894, svo að hreppsnefndinni í Eyrarhreppi hafi verið skylt 26. apríl að veita henni aðkjúkrun. Og með því að eigi verður betur sjeð, en að Eyrarhreppur hafi í tæka tíð gjört tilraun til þess að fá styrk þann, sem optnefndri Halldóru Jónsdóttur var veittur þar vorið 1894, endurborgaðan af framfærsluhreppi hennar, og engi mótmæli hafa komið fram gegn upphæð styrksins, þá úrskurdast hjermeð, að Geiradalshreppur skuli greiða Eyrarhreppi hinar framannefndu 12 kr. 80 aura.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Úrskurðu amtmanns.

Eptir að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Ísafirði hefir skotið til amtsins ágreiningi milli yðar, velborni herra sýslumaður, og hans um kröfu þá, sem hreppsnefndin í Eyrarhreppi í nefndri sýslu hefir gjört á hendur Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu út af sjúkdómslegu gamalmennisins Halldóru Jónsdóttur vorið 1894, að upphæð 12 kr. 80 a., og kröfu bæjarstjórnarinnar á Ísafirði á hendur sama hreppi til endurgjalds framfærslustyrk, veittum nefndri Halldóru Jónsdóttur á tímabilinu frá fyrst í marz 1895 til fram í október sama ár, 84 kr. 17 a., og frá fyrst í febr. þ. á., þangað til í júní s. a., er hun var flutt á sveit sína, Geiradalshrepp, 47 kr. 61 eyr., alls 131 kr. 78 a., — en af þessari upphæð hafið þjer að eins viljað láta Geiradalshrepps borga 68 kr. 26 a., sem nemur þeim styrk, sem veittur var Halldóru Jónsdóttur eptir 20. ágúst f. á. — er svolátandi úrskurður lagður á þetta mál.

Eptir þeim málgögnum, sem fyrir liggja, veiktist Halldóra Jónsdóttir í Eyrarhreppi vorið 1894 af landfarsótt þeirri, sem þá geysaði hjer á landi, og hefir hreppsnefndin þar skýrt svo frá, að hún hafi orðið að kosta sjúkdómslegu hennar; var þá af hlutaðeigandi hreppstjóra þegar tekin skýrsla um lífshlaup hennar, og sneri nefndin sjer fyrst til Geiradalshrepps, sem er fæðingarsveit hennar, snemma á sumrinu 1894, en brjef nefndarinnar hjer að lútandi er að vísu ekki komið fram í málinu, en þessa er getið bæði í brjefi hreppsnefndarinnar í Geiradalshreppi til yðar, 16. des. f. á., og í brjefi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu til yðar, 17. marz þ. á. Með því hreppsnefndin í Geiradalshreppi neitaði þá að viðurkenna sveitfesti Halldóru Jónsdóttur, leitaði sýslumaðurinn í nefndri sýslu með brjefi, dags. 10. ágúst 1894, til sýslumannsins í Strandasýslu um það, að viðurkenning fengist fyrir sveitfesti Halldóru Jónsdóttur í Kaldrananeshreppi, sem skýrslan benti til að mundi vera framfærsluhreppur hennar, en eptir nokkrar brjefaskriptir milli nefndra sýslumanna, og eptir að nefndin í þessum hreppi með nokkrum rökum hafði synjað fyrir að viðurkenna sveitfesti Halldóru, var eptir bendingu sýslumannsins í Strandasýslu í brjefi hans, 18. marz f. á., til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu aptur tekin skýrsla Halldóru fyrir rjetti á Ísafirði um lífsferil hennar, 20. ágúst f. á., jafn-skjótt og heilsa hennar leyfði það; skýrsla þessi var svo send yður 23. s. m. og leiddi hún í ljós, að optnefnd Halldóra Jónsdóttur ætti sveit í Geiradalshreppi, enda viðurkenndi hreppsnefndin þar sveitfesti hennar í brjefi 14. sept. f. á., og heimtaði hana flutta á hrepp sinn. Laust eptir þetta var gjörð krafa til endurgjalds á sjúkdómslegustyrknum, sem látinn hafði verið Halldóru í tje vorið 1894, og sömuleiðis til endurgjalds á framfærslustyrk þeim, sem bæjarstjórnin á Ísafirði, að framfarinni aðsjónargjörð, hafði byrjað að veita henni þegar í marz f. á, á meðan verið var að leita að framfærslusveit hennar, en eigi varð hún flutt á sveit sína fyr en í júní þ. á., þar sem hún samkvæmt læknisvottorði 11. okt. f. á. eigi þá var ferðafær,

enda hafið þjer eigi neitað, að Geiradalshreppi bæri að endurborga styrk þann, sem Halldóru var veittur eptir 20. ágúst f. á.

Þar sem þjer hafið neitað að láta Geiradalshrepp endurborga Eyrarhreppi sjúkdómslegukostnaðinn frá 1894 um vonið af þeirri sök, að lögleg aðsjónargjörð hafi eigi framfarið á högum Halldóru, þá verð jeg að vera yður samdóma um það, að vöntun þessi og yfirhöfuð vöntun allra skýrslna um hagi hennar, svo sem hvort hún þá eigi hafi verið vinnuhjú einhvers eða á vegum annara, verði að hafa þá verkun, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að endurborga þær 12 kr. 80 a., sem reikningur er gjörður fyrir í þessu tilliti, og nægir það alls ekki, að líkur sjeu til þess, að Halldóra hafi eigi getað sjálf borgað kostnað við legu sína. Að því leyti aptur á móti, er snertir framfærslustyrk þann, ásamt læknishjálpi, sem hún hafi þegið á Ísafirði, og sem er löglega veittur, þá get jeg eigi tekið til greina þau mótmæli yðar gegn nokkrum hluta styrksins, sem byggjast á því, að tilkynning um styrkveitinguna hafi eigi framfarið í tæka tíð, þar sem alls enginn vitaverður dráttur í þessu tilliti hefir átt sjer stað samkvæmt því, sem skýrt er frá að framan um gang þessa máls, og hvað upphæð styrkveitingarinnar snertir, þá get jeg eigi sjeð, að hún hafi farið úr hófi fram.

Samkvæmt framanrituðu úrskurðast því hjermeð, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að endurgjalda þær 12 kr. 80 a., sem Eyrarhreppur gjörir tilkall til, en þar á móti borga Ísafjarðarkaupstað allt framlag hans út af framfærslu Halldóru Jónsdóttur, að upphæð 131 kr. 78 a.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Geiradalshreppi, skal jeg skora á yður, að annast um, að hún inni af hendi án tafar hina nefndu upphæð.

Reikningur

63

yfir tekjur og gjöld framfarasjóðs Jóns prófests Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs fyrir árið 1896.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1895:
 - a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11.1 hndr. að dýrl., virt á kr. 800,00
 - b. Í söfnunarsjóði Íslands — 81,19 kr. 881,19
 2. Landsskuld í fardögum 1896, 40 áln. á 53 a. eptir verðlagsskrá Dalasýslu 1896—97 — 21,20
 3. Leigur haustið 1896, 40 pund smjörs, selt á 55 a. pundið . . . — 22,00
- Tekjur alls: kr. 924,39

Gjöld:

1. Kostnaður við að koma leigum í peninga kr. 2,00
2. Í sjóði við árslok 1896:
 - a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11.1 hndr. að dýrleika, virt á kr. 800,00
 - b. Í söfnunarsjóði Íslands, auk vaxa fyrir árið 1896 . . . — 122,39 — 922,39

Gjöld alls: kr. 924,39

Skrifstofu Árnessýslu, 31. janúar 1897.

Sigurður Ólafsson.